

131. löggjafarþing 2004–2005.
Þskj. 225 — 222. mál.

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um virkjanlega orku í Þingeyjarsýslum.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hve mikla orku er hægt að fá frá núverandi virkjunum í Laxá og Kröflu og hve mikla miðað við mögulega stækkun virkjananna?
2. Hve mikla orku er hægt að fá frá öðrum virkjanakostum í Þingeyjarsýslum, svo sem Þeistareykjum, Bjarnarflagi, Skjálfandafljóti og öðrum álitlegum kostum?
3. Hve mikla orku er hægt að vinna úr lághita á svæðinu?

Skriflegt svar óskast.